

Sp. 252. Tillaga til þingsályktunar [235. mál]

um menntastofnun á sviði matvælaíðnaðar, hótél-, veitinga- og almennrar ferðamannaþjónustu.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Haraldur Ólafsson, Jón Kristjánsson,
Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa forgöngu um að nú þegar verði komið á fót menntastofnun sem veiti fræðslu á sem flestum sviðum matvælaíðnaðar, hótél-, veitinga- og almennrar ferðamannaþjónustu.

Greinargerð.

Flestum ber saman um að góð menntun sé ein af meginforsendum fyrir framförum í okkar nútímasamfélagi. Möguleikar til menntunar hafa óneitanlega aukist samanborið við

það sem áður var. Umræðum verður að halda vakandi um gildi og markmið menntunar með þarfir þjóðfélagsins í huga. Við þurfum á hverjum tíma að stuðla að því að leggja áherslu á rétt atriði í menntunarmálum okkar. Um fyrirsjáanlega framtíð munum við Íslendingar byggja afkomu okkar að langstærstum hluta á framleiðslu matvæla og hyggjumst í enn ríkari mæli hasla okkur völl á erlendum mörkuðum. Við stefnum að því að auka gjaldeyrstekjur okkar af ferðamönnum.

Í febrúar 1984 var birt álit nefndar sem skipuð var 1982 af þáverandi menntamálaráðherra til þess að gera tillögur um námsbrautir þar sem fram fer grunnmenntun til starfa eða frekara náms á sviði matvælaíðnaðar og hótél- og veitingarekstrar. Nefndin lagði til að kennsla í hinum ýmsu greinum á matvæla- og hótelsviði yrði í einum skóla.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að aukin menntun og bætt fyrirkomulag, sem fælist í því að koma á fót myndarlegri fræðslustofnun á þeim sviðum sem þingsályktunartillagan tekur til, sé svo brýnt mál að Alþingi megi ekki láta undir höfuð leggjast að hafa áhrif á þá stefnumörkun.

Kafla úr álit nefndar um menntun í matvælaíðnaði og hótél- og veitingaskóla.

Íslenskur matvælaíðnaður verður að teljast vanþróaður hvað tæknivæðingu og tækniþekkingu í fyrirtækjunum sjálfum varðar. Oftast stafar þetta af almennum skorti á fagþekkingu, þ.e. þekkingu á hráefnum, aukaefnum, vinnslueiginleikum og geymsluþoli, svo og tækjabúnaði. Margar undantekningar finnast þó frá þessari fullyrðingu en þær sanna aðeins að okkar litli innanlandsmarkaður er ekki aðalhindrun þróunar á þessu sviði enda er ljóst að þau fyrirtæki, er skynsamlegast stýra sinni vinnslu, hafa á hendi eftirlit og fylgjast með tækisþróun, eru einmitt þau fyrirtæki er búa yfir mestri fagþekkingu sem ýmist hefur fengist í skipulegu námi eða með áhuga eigenda og verkstjóra. Áberandi er einnig að í slíkum fyrirtækjum er mestur áhugi á að ráða nýtt starfsfólk með sérþekkingu á matvælasviðinu en í meira stöðnuðum fyrirtækjum ríkir tortryggni gagnvart sérþjálfuðu fólki, t.d. matvælafræðingum.

Leyfi til rekstrar matvælafræðinga, hvort sem um er að ræða vinnslu, dreifingu eða sölu, veita heilbrigðisnefndir á hverjum stað. Er þá miðað við að húsakynni og annar ytri aðbúnaður fullnægi heilbrigðiskröfum en kröfur um fagþekkingu eigenda, stjórnenda eða starfsfólks eru engar og yfirvöld gera engar kröfur um gæðaeftirlit í fyrirtækjunum sjálfum (svonefnt innra eftirlit) þó að ljóst sé að opinberu eftirliti er alls ekki ætlað að fylgjast með daglegri vinnslu og enginn kjósi slíkt. Þetta verður að teljast brotalöm í íslenskrum matvælafræðingum og til þess má ætlast að við endurskoðun hennar verði gerðar kröfur um fagþekkingu í hverju því fyrirtæki er vinnur að vinnslu eða sölu matvæla.

Önnur mikilvæg rök fyrir aukinni menntun starfsfólks í matvælaíðnaði eru að slíkt nýtt framleiðendum strax í nákvæmari vinnubrögðum, t.d. betri nýtingu hráefna og orku og skynsamlegri verkstjórn almennt. Skilyrði skapast einnig fyrir meiri vöruvöndun og vörustöðlun en hvort tveggja vantar oft í íslenska framleiðslu enda tiltrú neytenda á ýmsum innlendum matvörum mun minni en á sambærilegum innfluttum vörutegundum (t.d. sælgæti, kexi, niðursuðuvörum). Loks má geta þess að við skipulega vöruþróun í fyrirtækjum er fagþekking algjör forsenda árangurs og þá þurfa sérfræðingar fyrirtækisins, svo sem matvælafræðingur og sölustjóri, að hafa gott samstarf við þjálfað starfsfólk er annast vinnsluna.

Fullvíst er einnig að allt matvælaeftirlit í landinu verður virkara ef vinnsluna annast fagfólk er skynbragð ber á íslenska matvælafræðingum og ábyrgist það að hún sé virt í daglegri vinnslu.

Í skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins um *þróun matvælaíðnaðar* er bent á þörf aukinnar menntunar fólks í iðnaðinum. Þar segir orðrétt: „Í matvælaíðnaðinum er nú mikill skortur á menntuðu starfsfólki og er þar ekki eingöngu átt við háskólamenntað fólk, heldur einnig fólk með almenna grundvallarþekkingu á matvælaframleiðslu. Því er lagt til að fræðsla og menntun á þessu sviði verði aukin . . .“

Ljóst er að laun starfsmanna við matvælavinnslu eru mjög lág og störfin þess vegna talin lítt áhugaverð hjá ungu fólki. Víða er líka mikið um að ungt fólk tolli ekki í sömu störfum lengi og skapar þetta vandræði hjá mörgum fyrirtækjum. Við álitum að menntun og þjálfun starfsmanna mundi þarna miklu breyta til batnaðar og að sjálfsögðu yrði að virða menntunina til launa.